

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar árið 2013 og þriggja ára áætlun 2014-2016 samþykkt á 139. fundi.

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2013 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2014-2016 var tekin til síðari umræðu og afgreiðslu þann 11. desember

Áætlunin byggir að hluta til á upplýsingum frá Fjármálaráðstefnu Sveitarfélaganna og þeim gögnum sem þar voru lögð fram. Jafnframt er horft til spár um 3 % hækkunar skv. Seðlabanka Íslands. Fjárhagsáætlunin byggir á útsvarstekjum, skertum Jöfnunarsjóðsframlögum, uppfærðum fasteignagjaldastofni frá áætlun ársins 2012 og þjóðhagsspá sem birt var í nóvember. Við gerð áætlunarinnar var forstöðumönnum sem og forsvarsmönnum nefnda gert að koma með tillögur og gengið var út frá hagræðingu í rekstri. En ljóst er að það þarf að beita enn frekar ákveðnum hagræðingaraðgerðum til að ná fram rauntölulækkunum.


Aðrar forsendur sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar við gerð fjárhagsáætlunar 2013 og þriggja ára áætlunar 2014-2016 eru fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og samþykkt þriggja ára áætlun 2013 – 2015.

Tekjuforsendur:

- Álagningarhlutfall útsvars verður óbreytt á árinu 2013: 12,44 % + 1,20 % = 13,64 %
- Framlög frá jöfnunarsjóði falla að mestu leyti niður vegna lagasetningar.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts er óbreytt frá fyrra ári.
- Sorphirðugjald íbúðarhúsnæði sem var 15.260 kr hækkar í 18.000 kr. þann 1/1 2013.
- Sorphirðugjald sumarbústaða sem var 9.665 kr hækkar í 9.905 kr þann 1/1 2013.
- Nýtt gjald tekið upp sorpurðunargjald, 1.000 kr.
- Rotþróargjald sem var 6.150 kr. hækkar í 6.303 kr. þann 1/1 2013.
- Fæðisgjöld hækka 1/8 2013 sem nemur vísitölu.

Skipting tekna er áætluð eftirfarandi:


Útsvar	228.524.000 kr.	35,1%
Fasteignaskattar	316.730.000 kr.	48,6%
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.978.000 kr.	0,5%
Aðrar tekjur	103.731.000 kr.	15,9%
Samtals	651.963.000 kr.	100%



Gjaldaforsendur:

- Áfram er leitað leiða til hagræðingar í rekstri.
- Launakostnaður er í samræmi við gildandi kjarasamninga.
- Spjaldtölvuvæðing 4 millj á árinu 2013.
- Reiðvegagerð, viðhald rétta, uppfærsla bókhaldskerfis, endurmenntun starfsfólks, aukið starfshlutfall í grunnskóla vegna baðvörslu og fleira er meðal verkefna ársins.
- Á liðnum óviss útgjöld undir sameiginlegum kostnaði er ráðstafað 6 milljónum vegna ýmissa óvissra úgjalda. Einnig er á þeim lið 1,5 milljón fyrir styrki á árinu 2013.

Á þessarri mynd má sjá heildarkostnað fyrir hvern málaflokk aðalsjóðs á árinu 2013:




Laun og launatengd gjöld eru langt stærsti útgjaldaliður aðalsjóðs og eru þau áætluð 271.682 milljónir kr fyrir árið 2013.

Viðhald eigna:

Gert er ráð fyrir viðhaldi og framkvæmdum við viðhald fasteigna sveitarfélagsins að upphæð um 25.6 milljónir.

Þessi mynd sýnir skiptingu viðhaldsfjármuna í prósentum.



Lang stærsti viðhaldsþátturinn á árinu 2013 er Skýjaborg en fyrirhugað er að fara í framkvæmdir á lóð leikskólans fyrir 17 milljónir kr.

Framkvæmdir:

- Á árinu 2013 er fyrirhugað að hefja framkvæmdir við ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins og eru áætlaðar 130 milljónir til verkefnisins. Heildaráætlun fyrir ljósleiðaravæðingu hljómar upp á 285 milljónir króna og er fyrirhugað að klára framkvæmdir á árinu 2014 og eru settar 155 milljónir á því ári í þessa framkvæmd.
- Á árinu 2013 er gert ráð fyrir hitaveituvæðingu á köldum svæðum í sveitarfélaginu, áætlunin gerir ráð fyrir 15 milljónum króna til verkefnisins.
- Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að vatnsöflun og uppbyggingu Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar og eru 30 milljónir til þess verks á árinu 2013 en 5,5 milljónir árlega á árunum 2014-2016
- Í áætluninni fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir 15 milljónum vegna framkvæmda við Melahverfi II en ekki verður ráðist í framkvæmdir nema að tekjur komi á mót.
- Til lagfæringa og endurbóta stíga og gatna í Melahverfi eru áætlaðar 9 milljónir.

Fjármögnun framkvæmda er að mestu leyti á árinu 2013 af sölu eigna og úr eigin sjóðum. Gert er ráð fyrir lántöku á árinu 2014 upp á 180 milljónir króna en ef sala eigna gengur ekki eftir þarf að koma til frekari lántöku.

Rekstrarniðurstaða Hvalfjarðarsveitar:

Aðalsjóður eru jákvæður um 4.350 millj kr. Eignasjóður er jákvæður um 56.410 millj króna. Heildarkostnaður vegna B-hluta fyrirtækja er 6.991 millj kr og er því rekstrarniðurstaða Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2013 jákvæð um **53.769 millj kr.**

Handbært fé í árslok er áætlað

- 2013 - 35,9 milljónir kr.
- 2014 - 139,8 milljónir kr.
- 2015 - 196 milljónir kr.
- 2016 - 265,2 milljónir kr.

Eins og áður sagði var fjárhagsáætlunin samþykkt á 139. fundi sveitarstjórnar þann 11. desember 2012.

Sveitarsjóður Hvalfjarðarsveitar stendur vel.

Hvalfjarðarsveit 12. desember 2012.

Laufey Jóhannsdóttir

Sveitarstjóri